



Leiðbeiningar vegna áhorfenda á íþróttaviðburðum



Grundvöllur.

Reglugerð Heilbrigðisráðherra frá 7. september 2020 kveður á um 200 manna fjöldatakmörkun í hverju rými og að í allri starfsemi skuli tryggja að hægt sé að hafa a.m.k. 1 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánum tengslum.

Til að hægt sé að fylgja þessum skilyrðum reglugerðarinnar varðandi áhorfendur á íþróttaviðburðum verður að tryggja að hver áhorfandi hafi 2 fermetra í áhorfendarými. Til að ná hámarksfjöldanum 200 í hvert hólf þarf áhorfendarýmið því að vera 400 fermetrar að stærð. Einnig gilda ákvæði um sér inn og útgang, sér salernisaðstöðu, sér þjónustusvæði og að rýmið sé aðskilið frá öðrum svæðum með girðingu eða öðrum aðskilnaði sem er a.m.k. 2 metrar. Sé áhorfendarými minna en 400 fermetrar skerðist hámarksfjöldi áhorfenda sem hægt er að hleypa inni rýmið. Hver áhorfandi þarf 2 fermetra.

Tafla til viðmiðunar (börn fædd 2005 og síðar eru ekki talin með í þessum fjöldatölum enda taka ákvæði reglugerðarinnar ekki til þeirra). Þó þurfa fullorðnir að passa að vera 1 metra frá ótengdum börnum.

Stærð áhorfendarýmis í fermetrum	Hámarksfjöldi áhorfenda
50	25
100	50
150	75
200	100
250	125
300	150
350	175
400	200



Gátlisti sóttvarnarfulltrúa vegna áhorfendasvæða

- Veggspjöld til áminningar um nálægðartakmarkanir sem gilda eru sýnileg
- Aðgengi áhorfenda að handþvottaaðstöðu og handspritti er gott
- Inn og útgangar eru vel merktir
- Talið er inn í hvert rými og fylgst með að fjöldatakmörkunir séu virtar
- Útskýrt hefur verið fyrir starfsmönnum/sjálfbóðaliðum að enginn samgangur er heimilaður á milli rýma
- Starfsmenn hafa gott aðgengi að hönskum og spritti
- Starfsmaður leiðbeinir gestum og aðstoðar við að halda 1 metra reglu milli aðila sem ekki eru í nánum tengslum - hægt er að miða við að sjaldnast séu umfram 4 sem setið geta þéttar saman
- Starfsmaður hefur það hlutverk að fylgjast með að ekki verði hópamyndun fyrir eða eftir leik við inn-/útgang eða á öðrum stöðum
- Skil á milli rýma eru greinilega merkt og afmörkuð - með 2 metra háu skilrúmi eða 1 metra bili sem ekki er hægt að fara yfir og viðeigandi gæsla er viðhöfð.